

Nefndarálit með breytingartillögu

um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fyrirtækjaskrá, nr. 17/2003,
með síðari breytingum (aukinn aðgangur að fyrirtækjaskrá).

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, Jennýju Stefaníu Jensdóttur frá Gagnsæi, samtökum gegn spillingu, og Skúla Eggert Þórðarson ríkisskattstjóra. Umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Persónuvernd og ríkisskattstjóra.

Í fyrirtækjaskrá eru skráð heiti, kennitölur, heimilisföng, rekstrar- eða félagsform og stofndagar fyrirtækja, nöfn, lögheimili og kennitölur forráðamanna, atvinnugreinanúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, upplýsingar um slit félaga eftir því sem við á og önnur þau atriði sem skylt er að skrá samkvæmt lögum eða nauðsynlegt eða hagkvæmt þykir að skrá vegna hagsmuna opinberra aðila eða til miðlunar upplýsinga til opinberra aðila, fyrirtækja eða almennings.

Hluti þessara upplýsinga er í dag aðgengilegur almenningi án endurgjalds á netinu, en aðrar upplýsingar hefur verið mögulegt að kaupa ýmist af ríkisskattstjóra eða af fyrirtækjum sem miðla gögnum úr gagnagrunnum ríkisskattstjóra. Frumvarpið gengur út á að opna aðgang að þeim upplýsingum en þar eru helstar upplýsingar um forráðamenn og aukaupplýsingar.

Ríkisskattstjóri lýsti fyrir nefndinni áhyggjum af tapi á sértekjum. Nefndin óskaði eftir upplýsingum frá ríkisskattstjóra um sundurliðaðan kostnað og sértekjur vegna fyrirtækjaskrár. Samkvæmt svari ríkisskattstjóra voru heildartekjur ríkisskattstjóra vegna fyrirtækjaskrár árið 2016 39,5 millj. kr. Sértekjur vegna uppflettinga í tölvukerfi fyrirtækjaskrár hafi aðeins verið 340 þús. kr. Helstu sértekjur fyrirtækjaskrár kæmu frá fyrirtækjum og stofnunum sem greiddu 100.800 kr. árgjald fyrir afnot af rafrænu afriti fyrirtækjaskrár, en ekki kom fram hverjar heildartekjur vegna þessa væru. Þá kom fram að hvert nýskráð félag greiddi 5.000 kr. kennitölgjald. Samkvæmt gögnum Hagstofu Íslands námu þær greiðslur samtals 16,9 millj. kr. á árinu 2016. Miðað við það að heildartekjur fyrirtækjaskrár 2016 árið hafi verið 39,5 millj. kr. voru tekjur vegna uppflettinga í tölvukerfi, rafrænna afrita og annarrar þjónustu fyrirtækjaskrár utan nýskráningar því um 22,6 millj. kr. á ári.

Fjármála- og efnahagsráðherra sagðist styðja frumvarpið, en vildi gjarnan ganga lengra með opnun ársreikningaskrár og hluthafaskrár á komandi árum. Aftur á móti sá hann ekkert annað en kostnað því til fyrirstöðu að málið næði fram að ganga að sinni.

Félagasamtökin Gagnsæi röktu mikilvægi þess fyrir almannahagsmuni, akademíska greiningu og fjölmiðlun að þessi gögn væru aðgengileg.

Meiri hlutinn telur greitt aðgengi almennings, fræðimanna, fjölmiðla og atvinnulífsins að upplýsingum í fyrirtækjaskrá mikilvægt en að jafnframt sé nauðsynlegt að rúm gefist til að

tryggja ríkisskattstjóra tekjur til móts við tapaðar sértekjur. Í ljósi þess og almenns stuðnings við markmið frumvarpsins leggur meiri hlutinn til að málið verði **samþykkt** með eftirfarandi

BREYTINGU:

2. gr. orðist svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2018.

Lilja Alfreðsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Sigrún Ingibjörg Gísladóttir sat fundinn fyrir Jón Steindór Valdimarsson og er samþykk álit þessu.

Alþingi, 26. maí 2017.

Óli Björn Káráson,
form.

Smári McCarthy,
frsm.

Katrín Jakobsdóttir.

Njáll Trausti Friðbertsson.

Svandís Svavarsdóttir.